

Sp.

304. Skýrsla

til Alþingis frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

I.

Jón Sigurðsson andaðist í Kaupmannahöfn 7. desember 1879. Ekkja hans, Ingibjörg Einarsdóttir, andaðist hinn 16. sama mánaðar. Hafði hún hinn 12. desember 1879 gert svo fellda erfðaskrá:

Erfðaskrá frá Ingibjargar Einarsdóttur.

Ég Ingibjörg Einarsdóttir veit, að það var einlægur vilji míns elskaða eiginmanns, Jóns Sigurðssonar, að gefa Íslandi mestan hlut eigna sinna eftir okkur bæði

látin, til framfara landinu, samkvæmt því er hann alla ævi varði lífi sínu, en vegna veikinda hans dróst þetta og varð ekki framkvæmt verklega, svo mér sé kunnugt.

Vil ég því, til þess að þessu hans áformi verði framgengt, gefa eftir minn dag tvo þriðju parta af eignum mínum, þeim, sem verða afgangskuldum og útfararkostnaði. Skal sjóður þessi nefnast „Gjöf Jóns Sigurðssonar“; en Alþingi það, er kemur fyrst saman eftir dánardag minn, skal kveða á um það, hvaða fyrirtæki það er, sem landinu er mest til gagns, að fénu sé varið til; það skal og semja reglur fyrir sjóðinn, er upp frá því verður fylgt; þó skal það tekið fram, að einungis vöxtunum skal árlega útbýtt, en höfuðstóllinn látinn óskertur.

Þar sem ég býst við, að efni mín séu eigi mikil, en ég vil, að gjöf sú, sem kennd er við nafn míns hjartkæra eiginmanns, sé sem rausnarlegust og fósturjörðu okkar að sem beztum notum, þá eru það vinsamleg tilmæli mín, að erfingjar hans láti eftir af erfð sinni tiltölulegan part móti því, er ég hér með hefi ákveðið af minni eign, svo þeir þannig að sínu leyti framkvæmi vilja hans í lifanda lífi.

Enn fremur gef ég 200 kr. — tvö hundruð krónur — Þóru Pálsdóttur, sem með mestu trú og dyggð hefir stundað mig í veikindum mínum og minn elskaða eiginmann í banalegu hans.

Það er minn fastur ásetningur að fylgja líki míns elskaða eiginmanns heim til Íslands í vor, ef mér endist líf, en þóknist guði eigi að treina líf mitt svo lengi, þá er það hér með ósk mín, að lík mitt fái að hvilast við hlið hans í Reykjavíkirkirkjugarði.

Bréf þetta er skrifað af elsku til Íslands, sem mér ætíð hefir verið svo kært, og ást og virðingu til míns ógleymanlega eiginmanns, sem hefir verið mér allt, mitt líf og mitt yndi; það er ihugað með fullu ráði og óskertum sönsum í votta viðurvist.

Kaupmannahöfn, 12. d. Desember. 1879.

Ingibjörg Einarsdóttir
(handsalað).

Við undirskrifaðir höfum samstundis heyrt ekkjufrú Ingibjörgu Einarsdóttur með fullu ráði kannast við, að framanskráð bréf væri að öllu leyti skrifað samkvæmt ósk sinni og vilja, eftir að hún hafði heyrt það lesið, og séð hana handsala nafn sitt undir það. Það vottum við hér með.

Kaupmannahöfn, 12. des. 1879.

Magnús Eiríksson,
cand. theol.

Eiríkur Briem,
prófastur í Húnavatnssýslu.

Árið 1881 samþykkti Alþingi með þingsályktun að veita viðtöku fyrir hönd þjóðarinnar gjöf þeirri, sem í erfðaskránni getur. Voru þá jafnframt settar reglur um sjóðinn. Árið 1911 samþykkti Alþingi nokkrar breytingar á reglunum, og eru þær nú svo hljóðandi (Stj.tíð. 1912, B. nr. 119):

Reglur

um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.

1. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum stjórnarráðs Íslands, sem annist um, að hann ávaxtist.

2. gr.

Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, og annars kostar til þess að styrkja útgáfur slíkra rita og til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framföllum.

3. gr.

Alþingi velur í hvert skipti, er það kemur saman, 3 menn, sem kveða á um, hver njóta skuli verðlaunanna.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands semur skýrslu um ástand sjóðsins, og sendir hana til forseta hins sameinaða Alþingis.

II.

Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar var sett erindisbréf árið 1885. Er þar lagt á vald nefndarinnar að ákveða, hversu há eða lág verðlaun hún veitir fyrir ritgerðir þær, sem hún telur verðlauna verðar.

Verðlaunahafar Gjafar Jóns Sigurðssonar hafa þeir verið, sem hér eru taldir:

Þorvaldur Thoroddsen 1889,
Hannes Þorsteinsson 1891,
Björn M. Ólsen 1895,
Jón Jónsson, prófastur, Stafafelli 1895, 1901, 1913,
Finnur Jónsson 1897,
Ólafur Davíðsson 1901,
Einar Arnórsson 1913,
Jón Jónsson Aðils 1919,
Guðbrandur Jónsson 1919, 1951,
Magnús Jónsson próf. theol. 1919, 1929,
Klemens Jónsson 1921,
Björn Þórðarson 1923,
Alexander Jóhannesson 1923,
Eggert Briem bóndi, Viðey 1925,
Helgi P. Briem 1927,
Páll Eggert Ólason 1929,
Vigfús Guðmundsson frá Keldum 1931,
Barði Guðmundsson 1939,
Einar Ólafur Sveinsson 1941,
Gunnar Arnason prestur 1941,
Gústaf A. Sveinsson 1943,
Matthías Þórðarson þjóðmenjavörður 1945.

Eftirgreind félög hafa hlotið styrki úr sjóðnum til útgáfustarfsemi:

Sögufélagið 1915, 1917, 1921, 1925, 1931, 1933.

Hið isl. bókmenntafélag 1917, 1921, 1923, 1925, 1927, 1953.

Hið isl fornrítarafélag 1929.

Félagið Ingólfur 1941.

Loks hefur sjóðurinn styrkt útgáfu þessara rita:

Rit Jónasar Hallgrímssonar (Matthías Þórðarson) 1935.

Örnefni í Vestmannaeyjum (Þorkell Jóhannesson) 1937.

III.

Þegar verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar var fyrst kosin af Alþingi árið 1885 var sjóðurinn að fjárhæð kr. 8602.28. Hann óx svo smám saman vegna vaxta-
viðlags. Þannig nam hann árið 1889 kr. 10 171.19, árið 1915 kr. 21 243.00, árið 1956
kr. 31 244.25 og nú í árslok 1965 kr. 49 634.99.

Áður en verðfall peninga hófst hér á landi um og eftir síðari heimsstyrjöldina, námu verðlaun fyrir ritgerðir oft sem svaraði eins til þriggja mánaða launum prófessora, á þeim tíma, er veiting fór fram. Voru verðlaunin því ásamt þeim sóma, er þeim fylgdi, höfundunum bæði hvatning og styrkur. En þar sem handbærar fjárhæðir til úthlutunar stóðu að mestu í stað þrátt fyrir rýrnað verðgildi peninga, hlaut að því að reka, að sjóðnum yrði um megn að gegna hlutverki sínu. Eftir 1950 var verðfall peninga komið á það stig, að ekki gat komið til mála að bjóða höfundum

1500—2000 króna verðlaun fyrir vel samið vísindalegt rit, en til þess tíma höfðu hæstu verðlaun numið 2000 krónum. Veiting verðlauna úr sjóðnum hefur því fallið niður um 15 ára skeið, enda hafa nefndinni ekki borizt neinar ritgerðir á því tímabili. Er því svo komið, að fjárveitingar úr sjóðnum koma ekki lengur til greina, nema hann verði reistur við og gerður hæfur til að gegna því hlutverki, sem honum var í öndverðu fyrirhugað.

Ekki þarf orðum að því að eyða gagnvart hinu háa Alþingi, hvílik vanvirða það væri, ef sá lofsverði tilgangur, sem lá að baki sjóðstofnuninni, yrði að engu gerður. Skylda þjóðarinnar til að halda í heiðri minningu Jóns Sigurðssonar og konu hans er næg röksemd fyrir því, að hafizt verði handa um viðreisn sjóðsins nú þegar. Ekki þarf að óttast, að fé til sjóðsins yrði á glæ kastað, því að ekki er minni þörf nú en áður að hvetja menn og styrkja til vísindalegra afreka. Hér virðist því aðeins vera álitamál, með hverjum hætti sjóðurinn verði eflður svo, að síðasta vilja hinna göfugu gefenda verði uppi haldið.

Við viljum minna á, að nú nálgast aldar ártíð hjónanna Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Æskilegast væri, að viðreisn sjóðsins bæri svo brátt að höndum, að unnt yrði að veita úr honum verðlaun á næstu árum. Og ekki síðar en árið 1979 ætti sjóðurinn að vera kominn í það horf, að fullgildum vísindamönnum yrði sérstakt keppikefli að vinna til verðlauna úr honum.

Við munum ekki að þessu sinni bera fram tillögur um, með hverjum hætti viðreisn sjóðsins eigi fram að fara. Alþingi er hinn rétti aðili til að taka ákvörðun um það. En við erum reiðubúnir til að ræða mál þetta nánar við fjárveitinganefnd á Alþingi, ef þess yrði óskað.

Reykjavík, 8. marz 1966.

Þórður Eyjólfsson.

Magnús Már Lárusson.

Sigurður Jónsson.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ tímabilið 1. janúar 1964 til 1. desember 1965.

T e k j u r :

1. Eign 1. janúar 1964:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr. 12000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 32135.47	
		kr. 44135.47
2. Vaxtatekjur:		
Af veðdeildarbréfum	kr. 1200.00	
— sparisjóðsinnstæðu	— 4299.52	
		— 5499.52
		Samtals kr. 49634.99

G j ö l d :

Eign í árslok 1965:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 190 og 192, A nr. 1324 og 1326	kr. 12000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 37634.99	
		kr. 49634.99
		Samtals kr. 49634.99

Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1966.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.